

Nr.

xx. desember 2021

GJALDSKRÁ fyrir Vatnsveitu Dalabyggðar.

1. gr.

Vatnsgjald Vatnsveitu Dalabyggðar er 0,29% af fasteignamati fyrir íbúðarhúsnæði og annað húsnæði sem tengt er vatnsveitunni. Vatnsgjald á íbúðarhús skal þó að hámarki vera kr. 60.815.

Athugasemd [JMS1]: Ibba ATH. (tölur eiga að skila sér 1. des)

2. gr.

Aukavatnsgjald skv. 10. gr. reglugerðar fyrir vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005, skal vera 17,44 krónur á hvern mældan eða áætlaðan rúmmetra vatns.

3. gr.

Leigugjald vatnsmæla, sbr. 11. gr. ofangreindrar reglugerðar, fer eftir sverleika heimæðar. Leigugjald skal greiða árlega og vera sem hér segir:

Sverleiki í mm	kr.
< 50	5.234
50-100	12.706
> 100	26.175

Vatnsnotandi skal greiða kostnað við uppsetningu á mæli samkvæmt reikningi.

4. gr.

Heimæðargjald skal taka mið af gerð stærð og lengd heimæðar. Miðað er við að ídráttarrör hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá lóðarmörkum að inntaksstað mannvirkisins og frágangur hafi verið samþykktur af tæknideild Dalabyggðar.

Þvermál inntaks	32 mm	40 mm	50 mm	63 mm	75 mm	90 mm
Fastagjald kr.	59.923	77.900	95.877	113.855	131.832	149.808
Gjald á metra í kr.	1.198	1.438	1.677	1.918	2.157	2.397

Heimæðargjald fyrir inntök stærri en 90 mm verður reiknað sérstaklega af tæknideild Dalabyggðar.

Aukakostnaður: Vanti ídráttarrör eða ef ídráttarrör reynist ónothæft greiðist 2.938 kr./m vegna skurðgraftar og ídráttarrörs. Heimæðargjald breytist 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingu á byggingarvísitölu. Ofangreint verð tekur mið af vísitölu byggingarkostnaðar sem tók gildi 1. desember 2019 og var 146,4 stig.

Athugasemd [JMS2]: Engin hækkun?

5. gr.

Eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds og heimæðargjalds. Vatnsgjald og heimæðargjald, ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði, nýtur lögveðsréttar í viðkomandi fasteign næstu tvö árin eftir gjalddaga og eru aðfararhæf samkvæmt 10. tl. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989.

6. gr.

Gjaldskrá Vatnsveitu Dalabyggðar er samin á grundvelli laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005, með síðari breytingum og tekur þegar gildi. Samhliða fellur úr gildi fyrri gjaldskrá nr. 1373/2019.

Gjaldskráin var samþykkt af sveitarstjórn Dalabyggðar 10. desember 2020.

Búðardal, xx. desember 2021.

Kristján Sturluson
sveitarstjóri